

Nýr vefur í loftið



Á fræðslufundi þjóðræknisfélagsins sem haldinn var 15. mars sl. hleypti Jónas Þór nýjum vef, <https://vesturfara.is/>, af stokkunum og kynnti innihald hans. Fundurinn sem haldinn var í húsi utanríkisráðuneytisins á Rauðarárstíg var vel sóttur bæði á vettvangi og á netinu, en erindi Jónasar var streymt.

Vefurinn hefur verið í smíðum síðan 2017 og er mikið stórvirki. Hann hýsir tæplega 20 þúsund nöfn vesturfara og afkomenda þeirra á tímabilinu 1854-1920 og tengir vesturfara við byggðir Íslendinga í Norður-Ameríku; hvers vegna tiltekinn staður var valinn og hvernig landnámsmönnum vegnaði. Þar að auki er mannlífi og menningu hvernar íslenskrar byggðar lýst, svo fátt eitt sé nefnt.

Jónas Þór stundaði nám í sagnfræði við Háskóla Íslands og síðar við University of Manitoba í Kanada. Hann starfaði um árabil sem ritstjóri Lögbergs-Heimskringlu og kenndi jafnframt við íslenskudeild Manitobaháskóla. Þá hefur Jónas getið sér gott orð sem einn helsti fararstjóri Íslendinga í fjölmörgum ferðum til Norður-Ameríku. Íslendingadagsnefndin á Gimli réði Jónas til að skrifa sögu hátíðarinnar á ensku og kom hún út árið 1987. Önnur ritverk eftir Jónas eru *Icelanders in North America: The First Settlers* og *Varðinn í vestri* um styttu Jóns Sigurðssonar sem kom einnig út á ensku undir titlinum *Monument in Manitoba*.

Aðrir höfundar vefsins eru Jón Hjaltason, sagnfræðingur á Akureyri og Harvey Thorleifson. Jón hefur skrifað um Ísland á 19. öld og upphafsár 20. aldar, sögu Akureyrar og nýverið bókina *Káinn – Fæddur til að fækka tárur*. Harvey Thorleifson er íslenskrar ættar, fæddur í Baldur í Manitoba. Hann kennir við Minnesotaháskólann í Minneapolis og fjallar á vefnum um jarðsögu svæða í Norður-Ameríku er varða íslensk landnám í álfunni.

Jónas Þór heiðraður

Á þingi INLNA Icelandic National League of North America sem haldið var á Zoom þann 30. apríl sl. var Jónas Þór heiðraður fyrir störf sín sem hafa eflt og styrkt tengsl Íslendinga við afkomendur Íslendinga í Vesturheimi. Hulda

Karen Danielsdóttir formaður þjóðræknisfélags Íslendinga og Dianne O'Konski formaður Icelandic National League of the United States hlutu þann heiður að afhenda Jónasi *Römm er sú taug/Strong is the Bond* viðurkenninguna fyrir hönd Icelandic National League of North America.



Á vit ævintýranna í Vesturheimi

Vilhjálmur Wium



Þegar þetta er sett niður á blað, síðustu dagana í apríl, þá eru u.þ.b. tvær vikur þangað til að ég mun halda á vit ævintýranna og taka við starfi aðalræðismanns Íslands í Winnipeg. Ekki er laust við að ég finni fyrir kvíðablöndnum fíðringi í maganum, en fyrst og fremst er ég þó uppfullur af spennings og eftirvæntingu.

Þótt ég hafi starfað erlendis á vegum Íslands í hartnær tvo áratugi, þá hefur það starf verið nokkuð ólíkt því sem nú biður mín. Ég var lengi starfsmaður Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og fluttist síðan til utanríkisráðuneytisins þegar stofnunin var færð til ráðuneytisins í ársbyrjun 2016. Lengst af starfaði ég á vettvangi í Afríkulöndum, í Namibíu, Malaví og Mósambík. Um helming þess tíma sem ég var í Afríku leiddi ég starf Íslands í þeim löndum þar sem ég starfaði og var um leið forstöðumaður sendiráðs Íslands á hverjum stað. Undanfarin tvö ár hef ég starfað að alþjóðlegum umhverfismálum innan utanríkisráðuneytisins og verið fastafulltrúi Íslands gagnvart Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna, með aðsetur á Íslandi.

Að vinna í þróunarsamvinnu er gefandi og oft er ánægjulegt að vera helsti fulltrúi Íslands á vettvangi. Án efa var skemmtilegast við mitt starf að fara í vettvangsferðir, að komast úr skrifborðsstólnum og út til fólksins og sjá í eigin persónu árangur þess starfs sem unnið er á vegum Íslands. Eiginlega er það ólýsanleg tilfinning, t.d. að hitta konur sem hafa fengið aðgang að hreinu vatni í fyrsta sinn á ævinni, nú eða foreldra hverra börn þurfa ekki lengur að sitja á skólabeck undir tré, í hvernig veðri sem er, og finna þá takmarkalaus gleði og þakklæti sem fólk þetta ber til okkar Íslendinga. Sem nýr aðalræðismaður í Winnipeg á ég ekki von á að þurfa mikið að hjálpa við að bora eftir vatni, eða byggja skólastofur. Hins vegar býst ég við að vera mikið á vettvangi, að ferðast um samfélög fólks af íslenskum ættum og efla, styrkja og rækta tengsl gamla landsins við þessi samfélög. Þetta held ég að verði skemmtilegt og ekki síður gefandi en þau störf sem ég hef áður unnið. Vonandi verður árangurinn góður, þ.a. þessi tengsl eflist og styrkist á komandi árum.

Frá því að ég vissi að þetta nýja starf biði mín hef ég leitað mér upplýsinga um starfsemi Íslendingafélaga vestan hafs, bæði með lestri og samtölum. Áreiðanlega veit ég einungis um toppinn á ísjakanum, en engu að síður hef ég fyllst aðdáun á þessum félögum við að lesa og heyra um allt það starf sem hefur verið unnið af þeim og þeirra meðlimum. Ég hef áttað mig á að það eru forréttindi að hafa hlotnast staða aðalræðismanns í Winnipeg og hlakka ég mikið til að hitta og kynnast því fólki af íslenskum ættum sem býr vestanhafs.

Eitt sem hefur vakið athygli mína eru Snorra-kerkefnin og sá mikli fjöldi ungs fólks af íslenskum ættum sem hefur nýtt sér þau. Finnst mér einsýnt að í því fólki búi mikill fjársjóður sem og lykkill að öflugum framtíðartengslum milli Íslands og afkomenda Íslendinga vestanhafs. Hjá mér hefur því kviknað löngun til að glæða þann neista sem þessi verkefni hafa tendrað og leita leiða til að virkja þetta unga fólk til dáða. Hver veit hvert það leiðir okkur?

Heiðursráð ÞFÍ

Guðrún Nordal er nýr formaður heiðursráðsins en hún tók við formennsku af Halldóri Árnasyni á ársfundi ráðsins sem haldinn var 10. nóvember 2021. Guðrún er forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Heiðursráðið hefur starfað frá árinu 2013 og kemur saman árlega. Starfsreglur ráðsins voru fyrst settar á stjórnarfundi ÞFÍ 19. ágúst 2013, en breytingar á þeim voru samþykktar á stjórnarfundi ÞFÍ þann 5. apríl sl. Nokkrir fulltrúar heiðursráðsins ásamt formanni og Katelin Parsons, verkefnisstjóra verkefnisins *Í fótspor Árna Magnússonar í Vesturheimi*, mættu á fund ÞFÍ þann 15. febrúar. Á fundinum gerðu Guðrún og Katelin grein fyrir verkefninu sem Svavar heitinn Gestsson átti frumkvæði að og hófst árið 2015. Á fundinum samþykkti stjórn ÞFÍ að veita verkefninu veglegan styrk á þessu og næsta ári. Ný í ráðinu eru þau Steinþór Guðbjartsson og Elín Hirst.



Árlegt þing ÞFÍ

Þjóðræknisþingið verður haldið sunnudaginn 21. ágúst 2022, kl. 14.00 -17.00 á Icelandair Hótel Reykjavík Natura. Dagskráin er fjölbreytt að vanda og eru félagsmenn hvattir til að mæta á þingið og taka með sér gesti. Nánari upplýsingar um dagskrána verða sendar félagsmönnum ÞFÍ og birtar á Facebook-síðum félagsins þegar nær dregur.



Fjórmenningaför

T.T. Kalman var reykvískur mormóni sem bjó í Alberta. Hann flutti til Vatnabyggðar í Saskatchewan eftir að kona hans lést langt fyrir aldur fram. Hann orti ljóð og tækifæriskvæði sem hann flutti á samkomum og varð smám saman hálfgerð bæjarskáld Íslendinganna í Wynyard.

Dr. Katelin Parsons

Vorið er komið og erfiður vetur að baki. Fyrir verkefni á borð við *Í fótspor Árna Magnússonar í Vesturheimi* sem snýst um að ferðast milli byggða í leit að handritum, dagbókum og bréfum vesturfaranna hefur kyrrseta faraldursins verið mikil áskorun. Um leið hefur þetta tímabil veitt okkur tækifæri til þess að skapa framtíðarheimili fyrir myndirnar sem við söfnuðum í samvinnu við fjölskyldur, einstaklinga og söfn í Kanada og Bandaríkjunum. Markmiðið er að opna aðgang að þessu nýja stafræna heimili um leið og við opnum hús íslenskunnar á næstu ári.

Við erum innilega þakklát fyrir stuðning þjóðræknisfélagsins til að halda áfram verkefninu og fylgja eftir drauminum um að skapa betri aðgang að einstökum heimildum um sögu og bókmenntir vesturfara. Það er sérstaklega dýrmætt að tryggja með þessu að áhugasamir nemendur geti tekið þátt í verkefninu. Þátttaka nemenda hefur verið lykilatriði í verkefninu frá upphafi enda liggur framtíð vesturíslenskra fræða í höndum þeirra.

Eitt óvæntasta og skemmtilegasta handritið sem uppgötvaðist í ferðalögum okkar á vegum *Í fótspor Árna Magnússonar* geymir rímu sem hefur hvergi varðveist annars staðar svo kunnugt sé. Ríman Fjórmenningaför eftir sléttuskáldið T. T. Kalman fjallar um mjög misheppnaða ferð fjögurra bænda í Saskatchewan um miðjan vetur. Þeir ætla að stytta sér leið með því að keyra bíl yfir frosið vatn en bíllinn lendir í vök og festist þar. Sem betur fer meiðist enginn en langt er í næsta bæ. Rökkrið fer að síga á og nú eru góð ráð dýr. Hópurinn tvístrast en með góðri liðveislu frá hjálpfúsum nágrönnum tekst öllum að komast aftur heim til sín í niðamyrkri og nístandi kulda. Ekkert af upphaflegum markmiðum ferðarinnar hefur náðst en þeim tókst allavega að krókna ekki úr kulda í þessu mislukkaða ævintýri. Þegar upp er staðið er það kannski eitt



og sér mikið afrek. Kaffi, samheldni og góður húmor bjarga þessum óhefðbundnu söguhetjum í svaðilför.

„Ei er sérhver ferð til fjár“ er ályktun rímna-skáldsins. Söfnunarferðirnar sem við fengum tækifæri til þess að leggjast í á árunum 2015–2019 voru þó svo sannarlega gjöfular. Gestrisnin sem fjórmenningarnir mættu hefur ekkert dofnað á þeim áratugum síðan ríman var ort. Fáir vestanhafs geta vissulega lesið rímuna í dag en kaffimenningin og vináttuandinn sem hún lýsir dafna sannarlega enn. Það er virkilega dýrmætt að bjarga verkum eins og Fjórmenningaför frá gleymsku og glötun; þau eru hluti af sameiginlegum menningararfi Íslands og Norður-Ameríku.

Katelin M. Parsons er verkefnisstjóri verkefnisins *Í fótspor Árna Magnússonar í Vesturheimi* og nýdoktor við Stofnun Árna Magnússonar í Íslenskum fræðum

Nokkur erindi úr rímu T.T. Kalman

10. Þið sem eruð hafnir hér
hæst á sögubekkjum,
ekki hefi eg ætlað mér
ykkur beita hrekkjum.

11. Heldur aðeins í mig datt
upp að raula bögu,
svo að yrði gaman glatt
gert úr þrautasögu.

12. Þó sé hérna orðað að
ykkar gerð og háttum,
vingjarnlega virðið það,
við skulum halda sáttum.

13. Þegar ergist geðið grátt
grimma vetradaginn,
takið þá og tönglið hátt
Tobíasarbraginn.

24. Eins og getið um var fyrst,
úti frostið hamaðist,
ískuldinn í andlit skar,
átján fyrir niðan var. [þ.e. -28
gráður frost]

25. Bíllinn hulinn hrynjum
gadds,
bundinn fjötrum vetrarhadds,
sviftur allri orku og móð
undir bæjar-veggnum stóð.

26. Heitu vatni heltu þá
hingað og þangað vélina á,
en það reyndist engin bót,
ekki hreifðist vélin hót.

27. Nú var ei til góðs að gá,
gripu drengir bíllinn þá,
óku gegnum ís og snjó
uns að heitu lífi spjó.

28. Hjól og bullur, eldur, ás,
alt tók það á fleygirás,
rumdi, stundi, reykti, sprakk,
rómuðu drengir margfalt þakk.

132. Svona endar sagan þá,
sögð af þeim sem vita á,
ekkert hey, og engin kind;
en sú blessuð fyrirmynd.

133. Ei er sérhver ferð til fjár,
farið hefði 'ún getað skár,
æfintýra og mæðu mörg
mikið var hún arga-körg.

134. Þið sem hafið hlustað á
hoppið skráargötum frá.
Fyrir raulað rímuþing
réttið hornið Fjórmenning.

Snorrasjóður

Þjóðræknisfélag Íslendinga og Norræna félagið stofnuðu í sameiningu sjálfseignarstofnunina Snorrasjóð sem hefur verið starfrækt frá árinu 1999 og rekur Snorraverkefnið. Skipulagsskrá sjóðsins var nýlega endurskoðuð og ný leiðarljós um samstarf Þjóðræknisfélags Íslendinga, Norræna félagsins og Snorrasjóðs voru samin og samþykkt af öllum sem hlut eiga að máli.

Megintilgangur sjóðsins er að standa að undirbúningi og framkvæmd Snorraverkefnanna, en því miður hefur COVID faraldurinn komið í veg fyrir framkvæmdir sl. tvö ár. En nú bendir allt til þess að betri tímar séu í vændum. Von er á 22 Snorrum í sumar og dvelja þeir hér á landi 12. júní-15. júlí. Einnig kemur 15 manna Snorri Plus hópur sem dvelur hér dagana 8.- 22. ágúst og von er á tveimur þátttakendum í Snorri Alumni Internship verkefninu þann 8. júní, en þeir fara til síns heima í Norður-Ameríku, 29. júlí. Frekari upplýsingar um Snorrasjóð og Snorraverkefnið er að finna á heimasíðu sjóðsins, <http://www.snorri.is> og á samfélagsmiðlum undir nafninu [@thesnorriprogram](https://www.instagram.com/thesnorriprogram).



Pála Hallgrímsdóttir, verkefna- stjóri Snorrasjóðs og Dagrún Malmquist Jónsdóttir, fyrrum Snorri West þátttakandi, sjást hér önnur kafnar við undirbúning komu stærsta Snorrahóps frá upphafi Snorraverkefnanna, en von er á 22 ungmennum til landsins í júní.